

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Reykjavík 11. febrúar 2021

Erindi: Stofnframlög til byggingar á hagkvæmu íbúðarhúsnæði í Ísafjarðarbær

Bæjartún íbúðafélag hses (580820-1660) óskar hér með eftir að Ísafjarðarbær veiti 12% stofnframlög til 10 íbúða sem Bæjartún hefur áhuga á að byggja í Ísafjarðarbær.

Umsókn um stofnframlög á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, verður send til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og óskað eftir 18% framlagi ríkisins. Langtímafjármögnun verkefnisins verður með leiguíbúðaláni frá HMS (70%)

Vísað er til samtala við bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og verkefnastjóra á Flateyri varðandi byggingu á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og áætlanir Bæjartúns íbúðafélags hses.

Óskað er eftir að fjallað sé um þetta erindi og umsókn Bæjartúns um stofnframlög sem fyrst á vettvangi sveitarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Að fengnu jákvæðu svari við þessu erindi er óskað eftir viðræðum við skipulagsyfirvöld Ísafjarðarbæjar um hentugar lóðir. Af hálfu Bæjartúns hefur verið horft til svæðisins við Tungubraut á Ísafirði og Drafnargötu/Brimnesvegur á Flateyri. Aðrar lóðir eða staðsetningar koma til greina.

Frestur til að senda umsóknir um stofnframlög til HMS í þetta sinn er til 22. febrúar nk.

Fyrir þann tíma er óskað eftir að móttaka á umsókn Bæjartúns sé staðfest. Formleg afgreiðsla bæjarráðs/sveitarstjórnar þarf ekki að liggja fyrir á þeim tíma.

Virðingarfyllt
BÆJARTÚN
Fh. Bæjartúns íbúðafélags hses
Íbúðafélag hses
580820-1660

Ómar Guðmundsson